

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Fimmtudagur 3. apríl 1997 • 13. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Feðgin sluppu naumlega út úr brennandi einbýlishúsi í Bolungarvík

Örfá andartök réðu úrslitum

Feðgin sluppu naumlega er eldur kom upp í einbýlishúsinu að Heiðarbrún 6 í Bolungarvík á sjötta tímanum á Páskadagsmorgun. Feðginin, Ólafur Þór Benediktsson, slökkviliðsstjóri og dóttir hans Magna Björk, 17 ára, voru ein heima er eldurinn kom upp og tókst þeim að komast út úr brennandi húsinu í gegnum glugga. Einbýlishúsið er gjörónytt eftir brunann. Ekki er vitað nákvæmlega um eldsupptök en talið er að kviknað hafi í út frá sjónvarpi.

Það var nágranni Ólafs sem fyrstur varð eldsins var og hringdi hann þegar í neyðarlínuna 112. Að því verki loknu hljóp hann yfir að hinu brennandi húsi og var þá Ólafur og dóttir hans komin út úr húsinu. „Við vorum ræstir út kl. 05:55

og fórum þegar á vettvang. Við þurftum að kalla á aðstoð frá slökkviliði Ísafjarðar og voru þeir komnir á vettvang um hálfri klukkustund síðar. Húsið var skíðlogandi þegar við komum að því og slökkvistarfið tókst með ágætum miðað við aðstæður. Á meðan við vorum að tengja dælurnar við brunahana lögðum við áherslu á að bjarga nærliggjandi húsi frá skemmdum en snérum okkur síðan að hinu brennandi húsi. Þar sem húsið var strax alelda var fyrirséð að litlu yrði bjargað en slökkvistarfinu lauk á um einni klukkustund,” sagði Einar Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri í Bolungarvík í samtali við blaðið, en hann var með fyrstu mönnum á vettvang.

„Við vöknuðum við mikinn

hvell og að reykskynjarinn var kominn í gang. Þá var komin reykjarsvæla inn í herbergið mitt og þá vissi ég strax hvað var um að vera. Ég fór strax til dóttur minnar sem var í öðru herbergi. Hún var þá vöknuð og sagði ég henni að fara strax að lausafaginu til að ná í hreint loft og reyna síðan að ná í einhver fót. Örskammri stundu síðar var mikill reykur kominn um allt hús, veggur í gangi var orðinn alelda og eldurinn var farinn að læsa sig í loftið. Ég kraup á fjórar fætur til að ná í betra loft en þá var reykurinn kominn þangað. Ég tók síðan lítið náttborð og byrjaði að reyna að brjóta gluggann og það tókst í fjórða skipti og okkur tókst síðan að komast út, þetta var ekki spurning um mínútu, þetta var spurning um



Slökkviliðsmenn ráða niðurlögum eldsins á brunastað á páskadagsmorgun.

andartök. Kannski var það mín þjálfun sem bjargaði okkur,” sagði Ólafur Benediktsson í samtali við blaðið.

Ólafur og dóttir hans voru flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði með snert af reykeitrun og er líðan þeirra eftir atvikum góð. „Við misstum allt okkar í brunanum, við eigum ekki einu sinni sokka hvað þá meira. Í framhaldi af þessu má segja að við höfum fengið „góða” kveðju í gær (mánudag) er

fulltrúar tryggingarfélagins komu vestur á einkaflugvél sinni. Við getum ekki hugsað okkur byggja upp húsið á sama stað án allra persónulegra muna og því óskuðum við eftir því að fá að byggja annað hús eða kaupa á öðrum stað í bænum. Við fengum þau svör að ef við gerðum það fengjum við aðeins markaðsverð fyrir húsið, sem er lítið á þessum stað í Bolungarvík, og því fengum við það beint í æð að við værum

orðnir öreigar. Ég hefði kannski getað fyrirgefið manningum þetta ef hann hefði sagt mér frá þessu í dag en ekki daginn eftir brunann,” sagði Ólafur. Ólafur og fjölskylda hans vildu koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa aðstoðað þau og sýnt þeim hlýhug, en hann einn hefur haldið þeim gangandi að sögn Ólafs. „Það var yndislegt að eiga nágranna okkar þessa nótt,” sagði Ólafur.



Velheppnuð skíðavika

Skíðavikunni á Ísafirði lauk á annan í páskum og hafði hún þá staðið yfir í níu daga. Að sögn aðstandenda skíðavikunnar fór hún vel fram enda veður með ágætasta móti alla dagana. Fjöldi fólks kom til bæjarins vegna skíðavikunnar og telur Ásthildur Cesil Þórðardóttir, formaður skíðavikunefndar að fjöldi aðkomugesta í ár hafi verið svipaður og fyrir snjóflóðið sem féll á Seljalandsdal 1995. Meðfylgjandi mynd var tekin á furðufatadeginum í Tungudal á föstudaginn langa og sýnir þrjár ísfirskar konur, þær Elínu Ólafsdóttur, Kristínu Böðvarsdóttur og Kristínu Karlsdóttur, í sínu fínasta þússi. Fleiri myndir frá skíðavikunni eru á bls. 6.

Gamla byggðin í Súðavík

Seld fyrir sumarhús

Á sjötta tug húsa og íbúða í gömlu Súðavík verða boðin til sölu innan skamms undir sumarhús en töluverður áhugi er á meðal fólks víða um land að eignast sumarathvarf í Súðavík.

Með uppkaupunum hefur

sveitarfélagið eignast húsin og telur sveitarstjórnin það góðan kost að selja þau til sumarhúsa. Unnið er að tillöggerð varðandi málið en framvinda þess ræðst af því hvort umhverfisráðuneytið samþykki ráðstöfun og nýtingu húsa.



Fáist samþykki fyrir þessari hugmynd verða húsin auglýst til sölu af fasteignasölu.

Blaðsíða 4

Í afmælisveislu hjá 85 ára útgerðarmanni



Blaðsíða 5

Uppskeruhátíð kórufoltamanna á Ísafirði



Blaðsíða 12

Snjóflóðið kom eins og byssukúla



Hvað er breiðband?

Breiðbandið er stafræn og hliðræn háhraðatenging sem verður í framtíðinni sá staðall sem efni fyrir sjónvarp, útvarp, tölvur og síma munu fara um. Kostir breiðbandsins eru mikill flutningshraði, mikil gæði á útsendu efni, s.s. fyrir sjónvarp og öryggi í sendingum. Í fyrstu atrennu gerir breiðbandið loftnetin óþörf og tryggir í staðin sjónvarpsmerki með miklum gæðum og sendiöryggi.

Breiðbandið snertir heimilin í landinu með þrennum hætti: Í fyrsta lagi vegna útsendingar sjónvarps og útvarps, sem þegar er komið í notkun. Öllum rásum Sjónvarpsins, Stöðvar 2, Omega, Sýnar og Fjölvarpsins er dreift með breiðbandinu, en að sjálf-sögðu þarf ennþá myndlykil þar sem það á við. Annað efni er sent út án endurgjalds á kynningartímanum. Þá er öllum íslenskum FM hljóðvarpsrásum dreift um breiðbandið. Fljótlega munu nýjar rásir koma inn á breiðbandið og í framtíðinni bjóðast síðan möguleikar á gagnvirku sjónvarpi, s.s. þáttasölusjónvarpi eða myndbandsþöntun.

Í öðru lagi munu öll tölvasamskipti og Internetið fara um breiðbandið og verður allt að 10 Mb/s samband tekið í notkun á næsta ári. Í þriðja lagi munu í náinni framtíð, öll símtöl, faxesendingar og myndfundir fara um breiðbandið.

Engin vandkvæði á tengingu hér vestra

– segir Jón Hilmarsson, umdæmistæknifræðingur hjá Pósti og síma á Ísafirði. Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri markaðsdeildar fyrirtækisins, segir möguleika á að Ísafirðingar nái kerfinu í sumar. Þrýstingur frá bæjaryfirvöldum ræður miklu um framhald á lagningu ljósleiðarans. Óvíst er hvort Vestfirðingar nái útsendingum Sýnar á árinu

Eins og komið hefur fram í fréttum hyggst Póstur og sími hf., hefja dreifingu á erlendu sjónvarpsefni um svonefnt breiðbandskerfi í gegnum ljósleiðara. Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að um 20.000 heimili á Stór-Reykjavíkursvæðinu geti tengst hinu nýja kerfi innan skamms tíma og önnur 10.000 áður en langt um líður. Þá gerir fyrirtækið ráð fyrir að íbúar þeirra þéttbýlisstaða á landsbyggðinni þar sem ljósleiðaratenging er komin á, geti séð hinar erlendu sjónvarpsstöðvar er líða tekur á sumarið og hafa bæjarfélög eins og Akureyri, Ísafjörður og Húsvík verið nefnd í því sambandi, en síðastnefnda bæjarfélagið verður að líkindum það fyrsta á landsbyggðinni, sem að öllu leyti getur tengst hinu nýja kerfi. Með tengingu að breiðbandskerfi Pósts og síma, geta íbúar viðkomandi bæjarfélaga séð um þrjátíu erlendar sjónvarpsstöðvar, en um helmingur þeirra mun vera án áskriftargjalds. Samkvæmt upplýsingum blaðsins mun kostnaður við

tengingu breiðbandskerfisins vera mun minni en t.d. hjá Stöð 2, Sýn og Fjölvarpinu svo ekki sé talað um þann kostnað sem fylgir uppsetningu gervihnattadiska.

Jón Hilmarsson, umdæmistæknifræðingur hjá Pósti og síma hf., á Ísafirði sagðist í samtali við blaðið, ekki geta sagt til um hvenær Vestfirðingar gætu séð umrætt efni í gegnum breiðbandskerfið en ljóst væri að tilkostnaðurinn væri lítil í þeim götum þar sem ljósleiðaratenging væri þegar fyrir hendi. „Á Ísafirði er meirihluti Holtahverfis kominn með streng til að taka á móti þessu kerfi og það sem eftir er við það verk, verður lokið í sumar. Þá eru það þvergötturnar frá Sólgötu og niður að Norðurvegi. Hvað varðar önnur hverfi get ég ekki svarað til um á þessari stundu. Fyrir tveimur árum var farið af stað með áætlun um uppbyggingu á breiðbandskerfi á Ísafirði og í fyrra vor leit út fyrir að Ísafjörður yrði með þeim stöðum á landinu sem yrðu fyrstir til að taka kerfið í

notkun, en eftir breytinguna á Pósti og síma yfir í hlutafélag, virðast menn hafa endurskoðað breiðbandsvæðinguna í heild sinni og mun ástæðan vera sú að þá lá ekki fyrir hverjir myndu nýta sér þjónustuna.”

Möguleiki á breiðbands-tengingu í sumar

Jón sagði að ljósleiðaratenging væri komin á flesta þéttbýlisstaði á norðanverðum Vestfirðum, en þó væri eftir að leggja ljósleiðara í flest hús á þeim stöðum. Jón sagði að öll nýja byggðin í Súðavík hefði möguleika á að ná breiðbandskerfinu í dag, þ.e.a.s. um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að senda. „Það eru engin vandkvæði á tengingu hér vestra. Við erum komnir með ljósleiðara á hvern þéttbýlisstað þannig að það vandamál er ekki fyrir hendi. Ísafjörður er eina sveitarfélagið hér vestra þar sem ljósleiðari hefur verið lagður að húsum auk nýju byggðarinnar í Súðavík og því er kannski ekki rétt að segja að Húsvík sé fyrsta sveitarfélagið á landinu, sem geti notið þessarar þjónustu í heild,” sagði Jón og benti á að Póstur og sími hf., hefði komið á fót upplýsingasíma varðandi breiðbandsdreifinguna en þar er símanúmerið 800 7474.

Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri markaðsdeildar Pósts og síma hf., sagðist í samtali við blaðið í gærdeg, ekki geta sagt til um hvenær af tengingunni við Ísafjörð gæti orðið, en vonir fyrirtækisins stæðu til þess að það geti orðið sem fyrst og jafnvel í sumar. „Mitt bráðabirgðasvar er að það er líklegt að þeir Vestfirðingar sem nú hafa ljósleiðara að sínum heimilum, geti tengst breiðbandskerfinu í sumar.

Málið snýst um það að útsendingin er í loftinu hér í Reykjavík og það þarf ákveðinn þökkunarbúnað til dreifa efninu um landið og við erum í ferli við að útvega þennan búnað. Um leið og við erum búnir að útvega hann, getum við sagt að þetta sé orðið landsþekjandi kerfi, þ.e.a.s. þá eru allar rásirnar sem nú eru sendar út frá Múlastöðinni móttækilegar á þeim heimilum sem tilbúin eru til tengingar, hvort sem það er í útvarpi eða sjónvarpi. Hvað varðar lagningu ljósleiðara í þau svæði vestra sem ekki eru tilbúin nú þegar, get ég ekki sagt til um á þessari stundu.”

Þrýstingur frá bæjarfélagum ræður miklu um framhaldið

Samkvæmt upplýsingum blaðsins ræður miklu um framvindu mála varðandi lagningu ljósleiðarans á hinum ýmsu þéttbýlisstöðum á landinu, að þrýstingur komi frá stjórnendum bæjarfélaganna um framkvæmdaröð við lagningu ljósleiðarans. Eins og komið hefur fram í fréttum, hefur Ríkisútvarpið Sjónvarp, misst allar beinar útsendingar frá ensku knattspyrnunni yfir til keppinautarins, Íslenska útvarpsfélagsins, frá og með hausti komanda.

Heimildir blaðsins segja að stór hluti beinna útsendinga frá ensku knattspyrnunni og öðrum íþróttaviðburðum úti í heimi muni fara í gegnum dreifikerfi Sýnar, sem allflestir íbúar á landsbyggðinni hafa ekki möguleika á að sjá. Mikil óánægja mun vera á meðal íþróttunnenda á landsbyggðinni með þessa ákvörðun og hafa fjölmargir þeirra íhugað að koma sér upp gervihnattadiski til þess að ná framan-

greindum útsendingum, m.a. hér vestra. Hefur blaðið heimildir fyrir því að fjölmargir áskrifendur Stöðvar 2 á norðanverðum Vestfirðum, hyggist segja upp áskrift sinni við fyrirtækið í mótmælaskyni við þá mismunum sem fyrirtækið sýnir viðskiptavinum sínum.

Sýn mun fara víða um land í sumar

„Samningur Stöðvar 3 við réttihafa breska fótboltans er allur mældur í höfðatölu, dreifingarsvæðum og öðru slíku. Sýn gekk inn í þennan samning, en það sem aftur á móti mun gerast í haust þegar samningur Íslenska útvarpsfélagsins tekur við, er að það verða sýndir leikir beint, bæði á Stöð 2 og Sýn. Annað er líka vert að geta í þessu sambandi að það er búið að ganga frá samningum um annað efni sem sýnt verður á Stöð 2 í haust og því er það ekki létt verk að koma enska boltanum þar fyrir í dagskránni. Ég þori ekki að fara með það hvernig skiptingin verður á milli stöðvanna varðandi beinar útsendingar frá enska boltanum, en það er ljóst að útsendingarnar verða ekki færri á Stöð 2 en þær voru hjá Sjónvarpinu,” sagði Helgi Björn Kristinnsson, kynningstjóri markaðsdeildar Íslenska útvarpsfélagsins í samtali við blaðið. Hann sagði það ekki gott mál fyrir Stöð 2, kæmi til fjölda uppsagnar á áskriftum á Vestfirðum og vissulega bæri að líta á það alvarlegum augum.

„Stöð 2 er blönduð fjölskyldustöð og það er takmörkunum háð hvað við getum sett mikið íþróttafni á dagskrá Stöðvar 2. Það er fjöldinn allur af fólki sem ekki horfir á íþróttir og því er hér um mikið vandamál að ræða. Hitt er ann-

að mál að Sýn er á leiðinni og mun fara víða um landið á þessu ári, en ég er ekki rétti maðurinn til að svara til um hvort Ísafjörður er á blaði yfir þá staði sem tengjast munu Sýn í sumar. Ég veit aftur á móti að það er verið að skoða alla möguleika í því sambandi að Sýn nái sem allra mestu dreifingu fyrir haustið. Ég skil vel þá óánægju sem er í gangi og við höfum fengið fjölda hringinga t.d. út af beinum útsendingum frá Meistarakeppni Evrópu, en á það skal bent að allt er þetta takmörkunum háð. Við erum að reyna að ganga bil beggja,” sagði Helgi Björn. Ekki náðist í Hannes Jóhannesson, yfirmann tæknideildar Íslenska útvarpsfélagsins, vegna fyrirsagnar blaðsins varðandi framkvæmdaröð við dreifingu efnis frá Sýn um landið í sumar.

Ísafjörður

Júlíus í sjötta sæti

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS-270 var í sjötta sæti yfir þá togara landsmanna sem skiluðu mestum afla að landi í febrúarmánuði. Heildarafli skipsins var 470,5 tonn og var uppistaðan í aflanum grálúða.

Vigri RE-71 skilaði mestum afla að landi í febrúar, 533,6 tonnum, þá kom Akureyrin EA með 517,7 tonn, þá

Ásbjörn RE með 509,9 tonn, Harðbakur EA var í fjórða sæti með 500,3 tonn og Ottó N. Þorláksson RE var í fimmta sæti með 472,5 tonn. Styrmir ÍS-207 var í fjórða sæti yfir þá báta sem skiluðu mestum afla að landi í febrúar en heildarafli Styrmis var 232,9 tonn, mestmegnis þorskur.

LOKAD!
VERSLUN!
VEGNA FLUTNINGA

Opnum verslunina á ný nk. **Fimmtudag að Mánagötu 6**
SNERPA
MÁNAGATA 6 & SINDRAGATA 3 - ÍSAFJÖRÐUR

Afmæli

Jóhann Júlíusson 85 ára

Jóhann Júlíusson, útgerðarmaður á Ísafirði varð 85 ára miðvikudaginn 26. mars síðastliðinn. Hann og eiginkona hans, Margrét Leósdóttir, tóku á móti gestum að heimili sínu á afmældisdaginn og mætti þar fjöldi vina og samstarfsmanna Jóhanns í gegnum árin.

Jóhann var einn af stofnendum útgerðarfélagssins Gunnvarar hf., og var framkvæmdastjóri þess frá upphafi og um tuttugu ára skeið. Jóhann sá einnig um rekstur Skóverslunar Leós í fjölda ára og starfa þau hjón þar enn. Þá hefur Jóhann setið í stjórnnum margra fyrirtækja þ.á.m. Gunnvarar, Íshússfélags Ísfirðinga, Mjölvinnslnnar og Olúfélags Útvegsmanna.

Ljósmyndari blaðsins kom við í afmælisveislunni og tók þar meðfylgjandi myndir.



Sigurður Sveinsson, útgerðarmaður og Halldór Margeirsson, útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði voru á meðal gesta í afmælishófinu.



Þar voru einnig þau Lára Helgadóttir, Magnús Reynir Guðmundsson og Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri Íshússfélags Ísfirðinga.



Jóhann Júlíusson ásamt fjölskyldu sinni á afmældisdaginn. F.v. Erica Jóhannsson, Leó Jóhannsson, Kristján G. Jóhannsson, Inga S. Ólafsdóttir, Ólafur Pétursson og Pétur Björn Pétursson. Fyrir framan standa hjónin Jóhann og Margrét Leósdóttir.



Ómar Freyr Ómarsson, Friðrik Stefánsson og Finnur Þórðarson fengu viðurkenningar á uppskeruhátíðinni.

Uppskeruhátíð leikmanna KFÍ

Friðrik leikmaður ársins



Þessar þrjár fengu viðurkenningu fyrir síðasta keppnistímabil. Frá vinstri: Halldóra Brynjólfsdóttir sem þótti hafa besta ástundun, Sigríður Guðjónsdóttir, sem kjörin var leikmaður tímabilsins og Elísabet Samúelsdóttir, sem þótti sýna mestu framfarinar á keppnistímabilinu.

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar efndi til uppskeruhátíðar í veitingahúsinu Krúsinni á miðvikudag í síðustu viku. Til hátíðarinnar mættu leikmenn úrvalsdeildar KFÍ, makar og stuðningsmenn liðsins og var kátt á hjalla hjá viðstöddum er ljósmyndari blaðsins kom þar við enda árangur liðsins góður á fyrsta keppnistímabilinu í úrvalsdeild. Friðrik Stefánsson var kjörinn leikmaður tímabilsins í karlaflokki og Sigríður Guðjónsdóttir varð fyrir valinu í kvennaflokki. Þá voru veittar



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á

tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-



Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Verð: 5.500.000,-



Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrívílishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-

Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Miðtún 31: 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
Strandgata 3: 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110 m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrívílishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrívílishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt

bláageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-
Túngata 21: 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þrívílishúsi. Verð: 5.600.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Fjarðarstræti 14: 191m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.500.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja

2ja herbergja íbúðir

Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-
Hlíf II: 65,7m² íbúð á 1. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Íbúðin er laus. Verð: 6.800.000,-
Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

Atvinnuhúsnæði

Silfurgata 6: verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-



Þrír af öflugustu stuðningsmönnum KFÍ í vetur, Gísli Úlfarsson, Rafn Jónsson og Steinþór Friðriksson.




Óli Reynir Ingimarsson fékk sérstök verðlaun fyrir besta höfuðfatið.

viðurkenningar fyrir mestu framfarir á tímabilinu og komu þær í hlut þeirra Ómars Freys Ómarssonar og Finns Þórðarsonar í karlaflokki og Elísabetar Samúelsdóttur og Halldóru Brynjólfsdóttur. Auk þessa veitti stjórn KFÍ tveimur stuðningsmönnum viðurkenningar fyrir ómetanlegt framlag til íþróttarinnar og komu



Guðjón Þorsteinsson, liðsstjóri KFÍ með ísbjörn sem höfuðfat.

þau í hlut Óla Reynis Ingimarssonar og Rafns Jónssonar. Lúðvík Jóelsson, sem oft er nefndur „afi körfuboltans“ á Ísafirði ákvað að gefa farandbikar til þess einstaklings sem stjórn KFÍ telur af hafi sýnt mestan árangur á hverju keppnistímabili og fyrir valinu í fyrsta skipti var Guðni Guðnason, þjálfari



Guðni Guðnason, þjálfari KFÍ fékk Lúllabikarinn.

liðsins. Allir á uppskeruhátíðinni mættu til hátíðarinnar með hin ýmsu höfuðföt og voru veitt verðlaun fyrir frumlegasta höfuðfatið. Það var Óli Reynir Ingimarsson sem reyndist eiga það en þar var um að ræða pípuhatt úr koparblöndu sem í hafði verið áletrað upphafsstafi félagsins.



Hressir stuðningsmenn KFÍ á uppskeruhátíðinni. Eins og sjá má á Arnari Kristjánssyni voru höfuðfötin hin skrautlegustu.

Stopp-leikhópurinn á ferð um Vestfirði

Sýnir áhrifaríkt verk um vímuefnanotkun unglunga

Dagana 6.-10. apríl nk., er fyrirhuguð leikferð Stopp-leikhópsins til norðanverðra Vestfjarða. Leikhópurinn mun sýna alls sjö sýnum á Ísafirði og í Bolungarvík og eru sýningarnar einkum ætlaðar nemendum í efri bekkjum grunnskóla sem og foreldrum og forráðamönnum unglunga.

Heimsókn hópsins er liður í vímuefnaforvörnum í grunn-

skólum á norðanverðum Vestfjörðum. Leikritið þykir vera áhrifaríkt og vekur fólk til umhugsunar um ofbeldi og vímuefnanotkun unglunga. Það höfðar til unglunga í efri bekkjum grunnskóla, en á líka erindi til þeirra fullorðnu. Leikritið sem Stopp-leikhópurinn sýnir heitir „Skiptistöðin“ og er eftir Valgeir Skagfjörð en leikendur eru þau Dofri

Hermannsson, Eggert Kaaber, Katrín Þorkelsdóttir og Hinrik Ólafsson.

Sýningarnar verða sem hér segir: Mánudaginn 7. apríl í Bolungarvík. Nemendasýning á skólatíma og foreldrasýning kl. 20:00. Á Ísafirði verða sýningar 8. og 9. apríl og verða nemendasýningar á skólatíma en foreldrasýningar kl. 20:30.



Veitingastaður með stæl

Gleymið ekki...

...að við bjóðum alla daga, allan daginn, pizzur með ostafyllingu í köntum, pítur, hamborgara og Sub's samlokur
...að við bjóðum enn fremur ýmsa ljúffenga smárétti, svo sem kjúklingasnitsel, kjúklinganagga, fisksteik, Poppers og ljúffengar steikur sem æsa bragðlaukana

Hringdu og pantaðu eða líttu inn, það verður dekrað við þig,

síminn er 456 5267

Á Eyvinni

Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fishershúsi anno 1884

Föstudags- og laugardagskvöld bjóðum við kvöldmatargestum matseðil með ljúffengum réttum frá kl. 19:00

Opið bæði kvöldin

frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Föstudagskvöld

Hljómlist af geislaspilara að eigin vali

Laugardagskvöld

Þrumu stuð með Súper dúettinum Baldur og Margrét

Mætið tímanlega, og sjáið Baldur og Margrét fara á kostum
Það er ávallt fjölmennt hjá okkur á föstudags- og laugardagskvöldum

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á laugardagskvöld er kr. 500,-

Skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Skemmtistaðurinn

Víkurbær
Sími 456 7130

Veitingastaðurinn
Sími 456 7254

verða lokuð föstudagskvöldið
4. apríl vegna einkasamkvæmis

Diskótek í Víkurbæ

laugardagskvöldið 5. apríl

Víkin býður uppá nýjan og breyttan matseðil

Knattspyrnu-
áhugamenn athugið!

Minum á leikina í næstu viku

Miðvikudaginn 9. apríl: Dortmund - Manchester United
Fimmtudaginn 10. apríl: Liverpool - Paris Sg. German

Skemmtistaðurinn

Víkurbær
Sími 456 7130

Veitingastaðurinn
Sími 456 7254



Furðufatadagur var í Tungudal á föstudeginum langa og þar buðu þessar skrautlegu konur gestum og gangandi upp á grillaðar pylsur og kók.

Skíðavikan á Ísafirði 1997

Gott að geta boðið upp á tvö skíðasvæði

– segir formaður skíðavikunefndar Ásthildur Cesil Þórðardóttir, en loka þurfti Seljalandsdal í þriggja vegna snjóflóðahættu

Skíðavikunni á Ísafirði lauk á annan í páskum og hafði hún þá staðið yfir í níu daga eða frá sunnudeginum 23. mars. Fjöldi aðkomugesta sótti Ísafjörð heim í tilefni vikunnar og telur formaður Skíðavikunefndar, Ásthildur Cesil Þórðardóttir, að fjöldi gesta í ár hafi verið svipaður og áður en snjóflóðið féll á skíðasvæðið á Seljalandsdal. Veður var með þokkalegasta móti alla daga skíðavikunnar og þurfti ekki að fresta neinum dagskrárlíð vegna veðurs. Aftur á móti þurfti að loka skíðasvæðinu á Seljalandsdal í þrjá daga vegna

snjóflóðahættu en það mun ekki hafa komið að sök þar sem vítt er á milli fjalla á skíðasvæðinu í Tungudal.


„Ég er mjög ánægð með skíðavikuna í heild enda fór ekkert úr skorðum vegna veðurs. Nokkrir dagskrárlíðir fóru úr skorðum vegna skipulagsleysis hjá viðkomandi aðilum en í heild má segja að skíðavikan hafi tekist vel. Ég hef heyrt að margir aðkomugesta hafi farið ánægðir heim og betri auglýsingu er vart hægt að fá,” sagði Ásthildur Cesil Þórðardóttir, formaður Skíðavikunefndar í samtali við blaðið.

Hún sagði að þátttakan á skíðasvæðunum hefði verið mjög góð og nefndi í því sambandi að hátt í tvö þúsund manns hefðu verið í Tungudal á föstudeginum langa, þegar mest var og um eitt þúsund manns á páskadag.

„Ég hafði bæði samband við Flugleiðir og Íslandsflug og voru fulltrúar félagana mjög ánægðir með bókanir í flug til bæjarins fyrir páskana auk þess sem ég hef vitneskju um að fjölmargir hafi komið á einkabílum. Ég hef þá trú að aðsóknin í ár hafi verið svipuð og hún var fyrir snjóflóð. Málið

er að svæðið er mun stærra í dag en var fyrir snjóflóð og því verður maður minna var við allan fjöldann en áður. Við þurfum að loka skíðasvæðinu á Seljalandsdal í tvo eða þrjá daga en það kom ekki að sök þar sem Tungudalurinn var til staðar. Þarna sá fólk hvað við eigum gott að geta boðið upp á tvö skíðasvæði,” sagði Ásthildur Cesil, sem var bjartsýn á komandi skíðavikur fyrir hönd Ísfirðinga.

Ljósmyndari blaðsins var á ferð og flugi um páskana og tók þá meðfylgjandi myndir.



Sr. Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði hélt útigöðsþjónustu í Tungudal á Skírdag.



Þessi unga stúlka tók þátt í göngumóti Hótel Ísafjarðar í Tungudal á föstudeginum langa.



Halldór Hermannsson var kynni á Garpamóttinu á páskadag líkt og undanfarin ár og brást honum ekki bogalistin í ár fremur en áður.



Þessir þrír heiðursmenn létu sig ekki vanta til keppni í Garpamóttinu. Frá vinstri Arnar Geir Hinriksson, lögfræðingur, Trygvi Guðmundsson, lögfræðingur og Jóhann R. Símonarson, skipstjóri.



Eigendur Hótel Ísafjarðar mættu að sjálfsögðu á svæðið en það eru þau Áslaug Alfreðsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson.

Sálfræðipjónusta Heilsugæslustöðvarinnar

Í byrjun september 1996, tók til starfa við Heilsugæslustöðina á Ísafirði, sálfræðingur í fullu starfi. Sálfræðipjónusta við heilsugæslustöðvar er hvorki þekkt né algeng hérlandis þó hún hafi víða rutt sér til rúms erlendis undanfarin ár og áratugi. Af því leiðir að hluti af starfinu fer í mótun- og þróunarstarf, þar sem kynning á starfseminni, greining á þjónustuþörfinni og möguleikum fólks til að nýta sér sálfræðipjónustuna, bæði út frá landfræðilegum og svo staðbundnum forsendum, er haft að leiðarljósi.

Megin hugmyndin að baki sálfræðipjónustu á heilsugæslustöðvum erlendis byggist á þeirri forsendu að sálfræðileg þjónusta sé mikilvægur hluti af almennri heilbrigðisþjónustu. Starf sálfræðingsins að

því er þetta varðar, byggist að miklu leyti á fyrirbyggjandi starfi. Enn sem komið er, er þessi þáttur sálfræðipjónustunnar í mótun.

Sálfræðipjónustan á núverandi stigi, byggist að mestu leyti á einstaklingsviðtölum, ráðgjöf, hjónaviðtölum og ráðgjöf vegna barna og unglunga, áfallahjálp og ráðgjöf í ávana- og fíkniefnamálum. Sálfræðilegt mat, sálfræðilegar prófanir, rannsóknir og meðferð, bæði fyrir fullorðna og börn er einnig þjónusta sem boðið er uppá.

Verk- og þjónustusvið sálfræðings

Einstaklingsviðtöl, samtalsmeðferð eða ráðgjafatímar eru pantaðir með dags fyrirvara hjá

móttökuritarara Heilsugæslustöðvarinnar og taka þeir að jafnaði 45 mínútur. Fræðilegur rammi þessara viðtala byggist á ýmsum kenningum í sálfræði. Í þessum viðtölum er vandinn greindur, félags- og persónusaga skjólstaðings lýst, orsakabættir gerðir ljósir og bent á aðferðir sem beita má til að leysa vandann. Þau vandamál sem oftast eru til meðferðar innan þessa ramma eru þunglyndi, kvíði, fælni og ýmis persónuleg vandamál sem viðkomandi á við að glíma.

Sálfræðileg ráðgjöf kemur inn á ýmsa málaflokka s.s. ráðgjöf í skilnaðar- og forræðismálum, ráðgjöf í barnaverndunarmálum og persónuleg ráðgjöf. Í hjónaviðtölum er vandi hjóna greindur, vandamálunum beint í ákveðinn farveg og hjónum settur ákveðinn

rammi varðandi samskipti og lausn samskiptavandamála sem upp kunna að koma í sambúðinni. Ráðgjöf varðandi börn og unglunga fjallar oftast nær um útvistarmál, heimanám barns, aga og ýmis mál er varða uppeldi barnsins og tillögur um lausn ýmissa hegðunarvandamála sem barnið á e.t.v. við að glíma. Í ráðgjöf í fíkniefnamálum er sjónum beint að því að aðstoða neytandann við að koma auga á sambengi andlegrar og líkamlegrar heilsu annars vegar og neyslunnar hins vegar og hvaða aðferðir duga helst til að leysa vandann.

Sálfræðilegt mat, prófanir og rannsóknir taka t.d. til greindarprófunar, athugunar á vitrænni starfsemi, taugasálfræðilegar athuganir sem fela m.a. í sér athugun á skynjun, áttun,

minni, sjón- og rúmskynjun, rannsóknir og mat á þroskafrávikum hjá börnum og unglungum, persónuleikamat o.s. frv.

Boðið er uppá áfallahjálp en hún felst í sálrænni hjálpi til handa þeim sem verða fyrir áfalli m.a. af völdum náttúruhamfara, dauða náins ástvinnar, hjónaskilnaðar, veikinda eða kynferðislegar misnotkunar.

Sálfræðileg meðferð greinir sig helst frá samtalsmeðferð eða viðtölum í því að í sálfræðilegri meðferð er vandinn þess eðlis að venjuleg viðtöl duga ekki ein og sér, þar sem vandinn á sér oft djúpar rætur sem erfitt er að komast fyrir nema með markvissum aðgerðum. Í slíkum tilvikum er meðferðaráætlun sett fram og viðkomandi fær heimaverkefni að glíma við.

Fyrirkomulag þjónustunnar

Núverandi fyrirkomulag þjónustunnar er með þeim hætti að boðið er uppá símatíma alla virka daga frá kl. 08:00-08:45. Símaskilaboð eru tekin eftir það og hefur sálfræðingurinn samband við viðkomandi þegar tími gefst til.

Viðtalstími er alla virka daga frá kl. 09:00-16:00 og þarf að panta viðtöl með dags fyrirvara. Sveigjanleiki er fyrir hendi í viðtalstímum eftir kl. 16 á daginn ef ástæða þykir til. Komugjald tekur mið af komugjaldi til sérfræðings.

Júlíus Einar Halldórsson, sálfræðingur.



Þar voru einnig foreldrar með börn sín að leika á snjóþotum.



Börnin voru máluð í hinum ýmsu litum og voru því æði margir heldur skrautlegir í dalnum.



Sigurvegarar í Garpamótinu í svigi í karlaflokki. Pétur Sigurðsson (3), Eyþór Einarsson (1) og Arnór Magnússon (2).



Sigurvegarar í Garpamótinu í svigi í kvennaflokki. Málfríður Hjaltadóttir (3), Sigríður Einarsdóttir (1) og Kristín Böðvarsdóttir (2).

Gísli Hjartarson skrifar vegna fréttar í BB

QE2 kemur ekki til Ísafjarðar á Íslandi

— heldur til Ísafjarðar á Svalbarða!

Í BB í síðustu viku var fréttaviðtal við hafnarstjórnann á Ísafirði. Ekki er unnt að skilja viðtalið á annan hátt en að "drottning úthafanna", skemmtiferðaskipið *Queen Elizabeth 2* komi hingað til Ísafjarðar 18. júlí nú í sumar og sé það að þakka þátttöku Ísfirðinga í ferðamálaráðstefnum í Florida í ár og tvö undanfarin ár. Í fréttinni segir hafnarstjórninn: „Það eru einir 3-4 aðilar sem eru að

spá í að senda skip hingað og sem dæmi má nefna að *Queen Elizabeth II* er væntanleg hingað vestur 18. júlí. Það er gert ráð fyrir að skipið sigli í um tvær klukkustundir um Ísafjardardjúpið og verður farþegum boðið upp á leiðsögn um þetta fagra svæði”.

Undirritaður hafði samband við *Cunard line* sem á og gerir QE2 út og spurðist fyrir um þetta atriði. Þær upplýsingar fengust hjá útgerðinni að

áætlun skipsins á þessum tíma væri 14 daga sigling um Norður-Atlantshaf og kallaðist ferðin „*Land of the Midnight Sun Cruise*”. QE2 fer frá Southamton í Englandi til Dublin í Írlandi, þaðan til Greenock í Skotlandi, til Reykjavíkur og stansar þar í 10 klst. Síðan er siglt fyrir Vestfirði til Longyearbyen á Svalbarða. Síðan er siglt til Tromsø í Noregi og komið við í fjórum öðrum bæjum þar í

landi áður en komið er til Southamton aftur. Engin viðkoma er á Ísafirði á Íslandi. Hins vegar stendur Longyearbyen á Svalbarða við mikinn fjörð og stóran sem nefnist upp á norsku „*Isfjorden*” (Ísafjörður).

Einnig hafði undirritaður samband við umboðsáðila QE2 á Íslandi, Eimskip hf. Þar sögðu menn að ef veður leyfði myndi skipið sigla inn í mynni Ísafjardardjúps, eins og venja er

ef skemmtiferðaskip þurfa að tímajafna í ferðum sínum. Hefur slíkt tíðkast í áratugi hjá skemmtiferðaskipum sem leið eiga um þetta svæði. Engin þjónusta verður þegin úr landi og því síður frá Ísafjarðarhöfn.

Nú dettur mér í hug að tungumálaörðugleikar í Flórídaferðum hafi valdið einhverjum misskilningi um komu skipsins hingað. Auðvitað var átt við Ísafjörð á Svalbarða en ekki Ísafjörðinn okkar!!! Að lokum



Gísli Hjartarson.

ein spurning til hafnarstjóra: Hve margar komur skemmtiferðaskipa verða til Ísafjarðar (á Íslandi) í sumar og hvaða skip koma til Ísafjarðarhafnar?

Gísli Hjartarson.

María Ögn sigraði í kvennaflokki

Vestfjarðamót í svigi og stórsvigi 9 ára og eldri var haldið á Seljalandsdal fyrir stuttu. Í svigi 9 ára stúlkna sigraði Inga Rut Kristinsdóttir og í flokki 9 ára drengja sigraði Tómas Rúnar Sölvason. Birna Pálsdóttir sigraði í flokki 10 ára stúlkna og Gunnlaugur Jónasson í flokki 10 ára drengja.

Amy Reynisdóttir sigraði í flokki 11 ára stúlkna og Snævar S. Sölvason sigraði í flokki 11

ára drengja. Í flokki 12 ára stúlkna sigraði Aldís Tryggvadóttir og Karl Einarsson í flokki 12 ára drengja. Elín Marta Eiríksdóttir sigraði í flokki 13-14 ára stúlkna og Haukur Eiríksson sigraði í flokki 13-14 ára drengja. Í kvennaflokki sigraði María Ögn Guðmundsdóttir og Eiríkur Gíslason sigraði í karlaflokki.

Í stórsvigi 9 ára drengja sigraði Tómas Rúnar Sölvason, Sigríður Heiða Kristjánsdóttir

sigraði í flokki 10 ára stúlkna og Einar Ási Guðmundsson sigraði í flokki 10 ára drengja. Tinna Hrund Hlynsdóttir sigraði í flokki 11 ára stúlkna og Erlingur F. Jónsson í flokki 11 ára drengja. Í flokki 12 ára stúlkna sigraði Lára Betty Harðardóttir og Sigurður Pétursson sigraði í flokki 12 ára drengja. Elín Marta Eiríksdóttir sigraði í flokki 13-14 ára stúlkna og Árni Björn Ólafsson í sama aldursflokki drengja.

María Ögn Guðmundsdóttir sigraði í kvennaflokki og Hjalti Gylfason í karlaflokki.

Í Grænagarðsmótinu í svigi 13-14 ára sigraði Brynja Ólafsdóttir í flokki 13 ára stúlkna og Hákon Blöndal í flokki 13 ára drengja. Í flokki 14 ára stúlkna sigraði Linda Dögg Þorbergsdóttir og Freyr Björnsson sigraði í sama aldursflokki drengja.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Óskar eftir að ráða iðnrekstrarfræðing veða viðskiptafræðing í tveggja mánaða verkefni sem felst í markvissri leit að nýjum atvinnutækifærum á Þingeyri.

Nánari upplýsingar hjá Elsu Guðmundsdóttur, atvinnuráðgjafa í síma 456 4780.

Blikksmiður

3X-Stál ehf., Sindragötu 14 óskar eftir blikksmið til starfa nú þegar.

Fjölbreytt starf og góð vinnuaðstaða.

Upplýsingar á staðnum eða í síma 456 5079.



Bæjarsjóður Bolungarvíkur

Bæjarsjóður Bolungarvíkur auglýsir eftirfarandi til sölu:

I. Grafa: CASE 580 g. árgerð 1986. Fylgihlutir: 3 stk. skóflur (50cm, 60cm og 80cm)

II. Volvo vörubifreið árgerð 1980

III. Þá er óskað tilboða í öll eða einstök eftirfarandi tæki og búnað:

Á CASE gröfu: Snjóskófla, framkeðjur og afturkeðjur.

Á Zetor: Keðjur á afturhjóli, gafflar, snjóskófla, víbrasleði og kerra.

Ýmislegt annað: Snjótönn á hjólaskóflu, steypuhrærivél, steinsög, stífluvélar (2 gerðir), garðsláttuvélar (2 gerðir), Jarðvegsþjoppur (2 gerðir).

Upplýsingar um ástand og búnað gefur bæjarverkstjóri, Hjörleifur Guðfinnsson í síma 456 7286.

Tilboðum skal skilað inn til bæjarstjóra fyrir **14. apríl nk.** á skrifstofu bæjarsjóðs Bolungarvíkur.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Bolungarvík, 1. apríl 1997.

Bæjarstjórinn í Bolungarvík.

Árþing ÍBÍ

ÍBÍ og HVÍ sameinuð í sumar

Árþing Íþróttabandalags Ísfirðinga, hið 41. í röðinni var haldið á Ísafirði fyrir stuttu. Rétt til setu á þinginu áttu um 40 manns frá tólf félögum í fyrrum Ísafjarðarkaupstað og Súðavík, en á síðasta ári voru félagsmenn á svæði ÍBÍ um 1.800 og þar af iðkendur um 1.000 talsins.

Auk venjubundinna aðalfundarstarfa voru tekin fyrir önnur mál á þinginu m.a. áskoranir á bæjaryfiröld um bætta aðstöðu fyrir Skotfélagið, Hestamannafélagið og Sundfélagið auk tilmæla til aðildarfélaga ÍBÍ um að þau hafi einungis þjálfara eða leiðbeinendur með lágmarksmentun, sem viðurkennd er af sersambandi og ÍSÍ. Þá kom fram áskorun um að stjórn ÍBÍ og

aðildarfélög þess setji upp íþróttaskóla, umræður urðu um breytingar á reglugerð um húsaleigu- og æfingastyrki í íþróttahúsum á Ísafirði auk þess sem talsverðar umræður urðu um skíðasvæðin tvö á Ísafirði.

Veigamesta málið var þó sameining Íþróttabandalags Ísfirðinga og Héraðssambands Vestur-Ísfirðinga og var í því sambandi ákveðið að boða til framhaldsþings sem halda skal eigi síðar en 1. júní nk. Samkvæmt íþróttalögum geta einungis verið ein samtök íþróttafélaga í hverju sveitarfélagi og verður sameiningin því að koma til í framhaldi af sameiningu sveitarfélaganna á síðasta ári.

Samúel Grímsson var endurkjörinn formaður ÍBÍ en aðrir í



Afmæli

70 ára

Hildur Einarisdóttir, Völusteinsstræti 34 í Bolungarvík verður sjötug fimmtudaginn 3. apríl.

Hún og eiginmaður hennar, Benedikt Bjarnason, taka á móti gestum frá kl. 19:30 á afmælisdaginn í félagsheimilinu Víkurbæ.

stjórn eru þeir Eggert Jónsson, Guðmundur Hjaltason, Marínó



Afmæli

50 ára

Guðfinnur G. Þórðarson, bæjartækni- og fræðingur í Bolungarvík, verður 50 ára föstudaginn 4. apríl n.k.

Hann og eiginkona hans, Elísabet S. Þórðarson, taka á móti gestum á veitingastaðnum Víkinni, Vitastíg 1, Bolungarvík, milli kl. 20:00 og 23:00 á afmælisdaginn.

Hákonarson og Sveinn Guðjónsson.

Beinar útsendingar um gervihnött í Víkurbæ

Kvikmyndasýningar fyrir börn

Forsvarsmenn veitingastaðarins Víkurbæjar í Bolungarvík hafa undanfarið boðið áhugamönnum um íþróttir upp á beinar útsendingar á ýmsum íþróttaviðburðum í gegnum gervihnött.

Að sögn Páls Höskuldssonar, veitingamanns í Víkurbæ, var

ráðist í kaup á móttökudisk og fullkomnum myndvarpa sem notaður er til að sýna íþrótaefni á stóru bíótjaldi, en yfirleitt er um efni að ræða sem íslensku sjónvarpsstöðvagnar hafa ekki aðgang að.

„Við stefnum að sjálfsögðu að því að sýna frá ensku knatts-

þyrninni þegar hún flyst frá Ríkissjónvarpinu yfir á Sýn og munum með því tryggja að Vestfirðingar hafi aðgang að henni áfram ásamt því sem efst er á baugi hverju sinni í íþróttahéimnum.

Þetta framtak hefur fallið í góðan jarðveg og voru t.d. um

60 manns sem mættu til að fylgjast með leik Arsenal og Liverpool nú á dögum,“ sagði Páll í samtali við blaðið.

Páll segir að ætlunin sé einnig að vera með kvikmyndasýningar fyrir börn á sunnudögum og að nýjustu tónlistarmyndböndin verði á diskótekum.

Verkalýðsfélagið Brynja

Hvetur ekki til verkfalls

Vegna alvarlegs ástands í atvinnumálum á Þingeyri, sér Verkalýðsfélagið Brynja sér ekki fært að hvetja til verkfalla.

En til stuðnings við féлага

okkar, sem eru að fara í verkfall, samþykkjum við verkþann á þjónustu við skip og báta frá verkfallsstöðum meðan á verkfalli stendur, önnur en þau sem hafa lagt upp



hér að öllu jöfnu. Samþykkt samhljóða,

Þingeyri, 21. mars 1997, Verkalýðsfélagið Brynja.

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

Útboð

VST, f.h. húsfélagsins Túngötu 18 - 20, óskar eftir tilboðum í utanhúsfrágang, fjöleignarhússins Túngata 18 - 20. Um er að ræða gerð vinnupalla, steypuviðgerðir og málun, útveggja, þaks og hurða auk smíði þilja sem skipta svölum.

Tilboð verða opnuð 9. apríl, áætluð verklok 15. ágúst 1997. Útboðsgögn afhent hjá VST, Hafnarstræti 1, gegn 5.000,- kr. skilatryggingu.

sérstakt

TILBOÐ

Dögg

160x200

ljónarúm úr kirsiberjavíð með
nátthörðum og
vindrúðum
dýnum



Glæsileg
sængurverasett
fylgja með í kaupunum !

Var. 174.000
nú!
139.000
nú!



HÚSGAGNALOFTIÐ

SKEIÐI 1, 400 ÍSAFJÖRÐUR

SÍMI: 456 4566 • FAX: 456 4454

Verkföll á Vestfjörðum

Aðfararnótt miðvikudags 2. apríl skall á verkfall Alþýðusambands Vestfjarða á Vestfjörðum. Áður hefur verið minnst á kröfu ASV um 100.000 króna lágmarkslaun. Hún er hvorki meira né minna en 30.000 krónur umfram kröfu annarra verkalyðsfélaga. Flest þeirra hafa nú skrifað undir kjarasamninga og er beðið eftir atkvæðagreiðslu um þá.

Óneitanlega vekur það athygli að Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, ásamt Verkalýðs- og sjómannafélagi Talknafjarðar hafa frestað verkföllum. Sama mun vera uppi á teningnum hjá verkalýðsfélaginu Skildi á Flateyri, en þar ríkir glundroði, og Súðvíkingum. Hætt er við því að Laxness hefði þótt lítið leggjast fyrir verkalýðsforkólfa á söguslóðum Sölu Völk. Einnig má búast við því að Hannibal heitnum Valdimarssyni hefði þótt skorta á baráttukraftinn í Súðvíkingum og Bolvíkingum jafnt.

En svona er nú sögusviðið árið 1997. Samstaða verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum er ekki fyrir hendi.

Formaður Vinnuveitendafélags Vestfjarða Einar Jónatansson sagði í útvarpsviðtali á þriðjudaginn, að atvinnulíf á Vestfjörðum hefði átt undir högg að sækja á undanförunum árum og nú fyrst með sameiningu fyrirtækja væri bjartara framundan. Erfitt væri því fást við verkföll við þessar aðstæður.

Rétt er það verkföll eru alltaf erfið viðureignar. Verkafólk fer ekki í verkfall að ástæðulausu.

Mikil aukning kaupmáttar síðustu tvö ár

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar Þórður Frið-jónsson sagði í viðtali á Rás 2 í gærmorgun að kaupmáttur á Íslandi hefði aukist um 10% síðast liðinn tvö ár eða mun meira en í öðrum OECD ríkjum, en þar mun kaupmáttur hafa aukist um 4% - 5% að meðaltali á sama tíma. Á síðasta ári mun kaupmáttaraukning einungis hafa numið 1,8% í þessum sömu ríkjum.

Að teknu tilliti til þessarra talna, sem hljóta að teljast réttar, má velja því fyrir sér hvert stefna eigi varðandi efnahagslíf Íslendinga. En forstjórinn gat þess að hagvöxtur liðinna ára, sem er undirstaða kaupamáttar og aukningar hans, sé ástæða þess að útlendingar vilji fjárfesta á Íslandi. En margir Íslendingar eru enn við sama heygarðshornið og virðast ætla að feta í fótspor þeirra hundruða sunnlenskra bænda sem riðu til Reykjavíkur um hásláttinn sumarið 1905 og mótmæltu símanum.

Ýmislegt hefur vakið athygli í kjaradeilum undanfarinna vikna. Samningar verkfræðinga og tæknifræðinga við ríkið og Reykjavíkurborg eru sérstæðir fyrir það, að stefnt er að því að þeir færast inn á vinnustaðina. Ögmundur Jónasson formaður BSRB og alþingismaður er hins vegar andsnúinn slíkum samningum ef rétt er skilið. Hann vill ekki að farið verði að nýjum starfsmannalögum um ákvörðunarvald forstöðumanna ríkisstofnana um launabætur í samræmi við frammistöðu.

Enn athyglisverðara er að íhuga yfirlýsingu Kristins Björnssonar forstjóra Skeljungs h.f., sem lýsti því yfir meðan á kjaradeilum stóð að enginn starfsmanna fyrirtækisins hefði laun undir 70.000 krónum.

Sú spurning vaknar hvort verkföll eru ekki úrelt aðferð í launabaráttu og ganslaus þeim sem mest þurfa á þeim að halda, láglaunafólkinu. En aðferðir þeirra til að halda í við þá sem fá hærra laun sýnast fáar og ekki vænlegar.


Rofin samstaða verkalýðsfélaga á Vestfjörðum undirstrikar þessa staðreynd.

Kemur drottningin til Ísafjarðar í sumar?

Gísli Hjartarson hefur spurt margs varðandi störf bæjarstjórnar Ísafjarðar og þar á meðal um árangur af Flórida ferðum aðastofarmanns bæjarstjóra og hafnarstjóra. Nú hefur svarið fengist. Það verður að teljast glæsilegur árangur að fá Queen Elizabeth aðra í heimsókn til Ísafjarðar. Þótt kannski skili það ekki miklum tekjum, sem þó setti nú að vera þegar hundruð ferðamanna koma í land, má ekki gleyma fullyrðingum Nóbelskáldsins okkar, að það sé lúxus að vera Íslendingur.

Fréttin birtist í síðusta tölublaði BB. Þetta er þó eina svarið sem Gísli hefur fengið. Lítið er betra en ekkert. Kannski koma fleiri svör.

- Stakkur



Stakkur
skrifar



Vídeóhöllin...

...kemur þér á óvart í hverri viku

Vídeó
Möllin
- við Norðurveg
456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. Eraser
2. Mission Impossible
3. Nutty Professor
4. Heaven's Prisoner
5. Multiplicity
6. Independence Day
7. A time to kill
8. Last Man Standing
9. Celtic Pride
10. The island of Dr. M...

http: góðar NETINU

<http://www.planetoasis.com>
Á Planet Oasis heimasíðu eru slóðir inn á helstu kvikmyndasamsteipur, stórfyrirtæki og fleiri.


<http://www.superior.com/superior>
Ert þú mint eða frímerkja-safnari. Þá er þessi síða við þitt hæfi, því að þetta er fróðleg heimasíða um mint- og frímerkjasafn.

<http://www.jazzcentralstation.com>
Á heimasíðu Jazz Central Station getur þú fylgst með því allra nýjasta sem er að gerast í jazzinum.

SPÓLAN TÆKINU



Nothing Lasts Forever
Nothing Lasts Forever er byggð á samnefndri sögu hins vinsæla rithöfundar Sidney Sheldon og segir frá orlagaríkum atburðum í lífi þriggja kvenna sem allar eru læknar að mennt.



Horfur á fimmtudag:
Fremur hæg austan og norðaustanátt með eljum um landið austanvert en léttskýjað vestan til. Frost 0 til 6 stig, kaldast norðanlands.

Horfur á föstudag:
Austan strekkingur og snjócoma um landið sunnanvert en él norðan til og frost 1 til 7 stig, kaldast norðan til.

Horfur á laugardag:
Norðaustan átt, nokkuð hvöss allra austast en annars hægari. El verða um allt land, einkum austan til. Frost 4 til 9 stig.

Get tekið að mér að **passa** hálfan eða allan daginn. Erinnir firði. Allar nánari upplýsingar gefur Ingibjörg í síma 456 4681.

Til sölu **bískúr** sem er staðsettur að Tungötu 22, annar í röðinni næst Hnífsdalsvegi. Upplýsingar í síma 568 6685.

Okkur vantar **duglega stelpu** til þess að passa 2 - 3 kvöld í viku. Upplýsingar í síma 456 4236.

Til sölu **Mazda 323 GLX** árgærd 1987 ekinn 130.000,- Verð kr. 220.000,-. Á sama stað er til sölu **Pentium tölva** með 32 Mb minni 15" skjá og 3,2 Gb hörðum disk. Allar nánari upplýsingar í síma 456 3529.

Til sölu er **Sega MegaDrive leikjatölva** með tveimur stýripöllum. Einnig eru til sölu 17 leikir í Sega MegaDrive tölvu. Upplýsingar í síma 456 8109.

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu er **Artic Cat EXT Special**, árgærd 1992, ekinn 3.300 mílur. Verð kr. 290.000,- stgr. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 4244 og í vinnusíma 456 4566.

Þrjú kettlinga vantar **framtíðarheimili**. Erukassavanir. Upplýsingar í síma 456 4030 á kvöldin.

Óska eftir að **kaupastofuborð**. Allar nánari upplýsingar í síma 456 3076.

Halló halló, þú þarna að **bláa bílnum**, sem keyrðir á bílinn minn sem er grænn Hyundai Elantra að kvöldi 24. mars eða um morguninn 25. mars við Múlaland 14, Ísafirði, vinsamlegast hafðu samband við eigenda bílsins í síma 456 5150 eða við Lögregluna á Ísafirði.

Til sölu er **486XS tölva**, 25Mhz, 4 mb vinnsluminni, 127 mb harður diskur, mús, 14" Super VGA skjár, Sound Blaster 16, 3.5" og 5.25" disklingadrif. Verð kr. 40.000,-. Upplýsingar í síma 456 7385.

5 herbergja **íbúð til leigu** að Aðalgötu 16 á Suðureyri, ljósabekkur og uppþvottavél fylgja. Allar nánari upplýsingar gefur Inga í síma 551 4134.

Til sölu eru **140 cm skíði og skíðaklossar** nr. 35 - 36. Upplýsingar í síma 456 3587.

Hross á ýmsum aldri til sölu. Upplýsingar gefur Björn á Þórustöðum í síma 456 7858.

Til sölu er notaður **HP 7580B plotter**. Getur plottað allt að A1. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 456 3833.

Til sölu er **hvítt 90x200cm rúm** með góðri dýnu og yfirdýni. Upplýsingar í síma 456 7242.

Aukatímar! Tek að mér stuðningskennslu m.a. fyrir samræmd próf. Íslenska, enska, danska, stærðfræði o.fl. Nánari upplýsingar gefur Hrafnhildur í síma 456 4775.



Innlegar þakkir færum við þeim, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Sigurðar Sveins Guðmundssonar

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíf og sjúkrahúsi Ísafjarðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Aðalheiður Tryggvadóttir

Guðmundur Sigurðsson

Sóley Sigurðardóttir
Heiðar Sigurðsson
Magnús Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson

Kristín Einarsdóttir
Gerður Kristinsdóttir
Jón Halldórsson
Einhildur Jónsdóttir
Haldrís Brandsdóttir
Ósk Gunnarsdóttir

Barnabörn og barnabarnabörn.

Fitubrennslunámskeið

Fitubrennslunámskeiðin eru að byrja í **Stuðió Dan**. Helga og Rósa kenna. Aðeins nokkur pláss laus. Hafðu samband strax ef þú villt koma.

Stuðió Dan

Hafnarstræti 20 • Sími 456 4022



UM HELGINA

Diskóték 18 ár

Föstudags- og laugardagskvöld til 03:00



UM HELGINA

Sægreifarnir 18 ár

Skemmta til kl. 03:00 á laugardagskvöld

Frítt inn Frítt inn Frítt inn Frítt inn



Hefur þú litið á matseðilinn hjá okkur? Líttu inn og kannaðu málið



ÍSAFJARÐARBÍÓ



FLED

Fimmtudag kl. 21:00
Föstudag kl. 21:00



Jerry Maguire

Sunnudag kl. 21:00
Mánudag kl. 21:00
Þriðjudag kl. 21:00

Ísafjörður

Guðbjörg veiðir fyrir Pólverja

Samkomulag hefur verið gert á milli Samherja hf., á Akureyri og pólsks fyrirtækis og þarlend stjórnvöld um að Guðbjörg ÍS-46, nýti sér heimildir Pólverja til rækjuveiða á Flæmska hattinum. Um er að ræða veiðar í 100 daga, sem er sú sókn sem Pólverjum hefur verið úthlutað, og standa vonir Samherjamanna til að Guðbjörgin nái að veiða um 700 tonn á þessu tímabili.

Guðbjörgin hélt til veiðanna í gær og verður skipið undir

eftirliti Pólverja á meðan á veiðunum stendur. Reiknað er með að 100 dagar dugi til þriggja fullra veiðiferða og að afli á úthaldsdag geti orðið 7-8 tonn. Verðmæti 700 tonna upp úr sjó er talið vera nálægt 140 milljónum króna. Guðbjörgin var við veiðar á Flæmska hattinum um átta mánaða skeið á síðasta ári og aflaði um 1.750 tonna af rækju. Aflaheimildir skipsins innan íslenska kvótans eru nú aðeins 340 tonn.

Ísafjörður

Tæld í gegnum Netið

Á páskadag hófst víðtæk leit að 15 ára gamalli reykvískri stúlku sem var gestkomandi á Ísafirði en hvarf þaðan á laugardaginn fyrir páska. Eftirgrenslan eftir stúlkunni leiddi í ljós að hún hafði verið í sambandi við 22 ára gamlan mann, búsettan í Reykjavík, í gegnum Netið og bendir ýmislegt til að þau samskipti hafi verið ný af nálinni.

Mun maðurinn hafa sent stúlkunni margvísleg skilaboð í gegnum Netið, þar á meðal klámfengin. Þegar hafa átti upp á manninum, kom í ljós að hann hafði tengst Netinu með ólögnum hætti og á fölskum

forsendum og hafði sá sem eignuð var tengingin ekki neinn grun um að nafn sitt væri misnotað með þessum hætti. Lögreglan í Reykjavík hafði upp á manninum og kom í ljós að hann hafði haft stúlkuna hjá sér í sólarhring eftir að samskiptum þeirra lauk á Netinu á laugardag. Aðstandendum stúlkunnar tókst að telja hana á að snúa heim til sín.

Mál þetta mun sæta frekari rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en grunur er um að maðurinn hafi haft samræði við stúlkuna, sem er undir lögdaldi og að vímuefni hafi verið höfð um hönd.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Ertu að flytja suður?
Þarftu að selja
húseign þína?

Einbýlishús í Hafnarfirði fæst í skiptum fyrir húseign á norðanverðum Vestfjörðum, helst á Flateyri. Allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu.

Hafraholt 16

Til sölu er raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, 4 svefnherbergi, ný-uppgert baðherbergi og þakið endurbyggt.

Upplýsingar í síma 456 4734.

Þakkir

Innilegar þakkir færi ég ykkur öllum, sem glöddu mig með heimsóknum, hlýjum kveðjum og góðum gjöfum á sjötugsafmæli mínu 1. mars s.l.

Með kærum kveðjum,
Sigríður Sigurðardóttir.



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 456 3211

Útboð Málningarvinna

Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum í málun götuljósastaura.

Útboð 1: Suðureyri og Staðardalur. Alls 70 ljósastaurar.

Útboð 2: Þingeyri. Alls 100 ljósastaurar.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, Ísafirði og verða tilboð opnuð á sama stað föstudaginn 18. apríl kl. 11:00.



Arnór Gunnarsson.

Skíðamót Íslands

Arnór fékk silfur og brons

Ísafirðingar unnu til þrenna verðlauna á Skíðamóti Íslands sem haldið var á Dalvík og Ólafsfirði um páskana. Það var Arnór Þ. Gunnarsson sem fékk öll verðlaunin, eitt silfur og tvö brons, en hann varð annar í stórsvigi og þriðji í svigi og alpatvíkeppni karla.

Gísli Einar Árnason frá Ísafirði varð fimmti í 15 km göngu karla með frjálsri aðferð og Kristján Rafn Guðmundsson og Sigurður Gunnarsson frá Ísafirði urðu í 2. og 3. sæti í aukaflokki í 15 km göngu 35 ára og eldri, en keppni í þeim

flokki gaf ekki verðlaun á mótinu sjálfu. Unnusta Arnórs Þ. Gunnarssonar, Theodóra Mathiesen frá Reykjavík, varð einnig í öðru sæti í stórsvigi kvenna og gengu þau því undir nafninu „silfurparið“ á Skíðalandsmótinu.

Sigríður B. Þorlákssdóttir frá Ísafirði, sem varð þrefaldur Íslandsmeistari í alpagreinum á Skíðalandsmótinu í fyrra, tók ekki þátt í mótinu í ár vegna meiðsla, en hún rifbeins-brotnaði nokkrum dögum fyrir mótið á æfingu í Svíþjóð.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Snjóruðningstækið mokað upp að morgni Skírdags. Eins og sjá má var snjóflóðið mjög þykkt.



Jón Veturliðason, ökumaður snjóruðningstækisins stendur í dryrum tækisins og félagar hans moka það upp.

Snjóflóð féll á snjóruðningstæki á Súðavíkurlíð

Snjóflóðið kom eins og byssukúla

— segir ökumaðurinn Jón Veturliðason, sem var að lenda í þriðja skiptið í snjóflóði

Síðdegis á miðvikudag í síðustu viku féll stórt snjóflóð úr svonefndri Skjólhamarsvík á Súðavíkurlíð og hafnaði á snjóruðningstæki sem var að moka annað snjóflóð sem fallið hafði á sama stað fyrr um daginn. Litlar skemmdir urðu á snjóruðningstækinu og ökumanninum, Jóni Veturliðasyni, varð ekki meint af, en þess má geta að þetta var í þriðja skiptið sem Jón lendir í snjóflóði við vinnu sína. Snjóflóðið var um

fimm metrar á hæð og þurfti nærstaddur ökumaður að moka um einn og hálfan metra niður að þaki snjóruðningstækisins til að ná Jóni út.

„Snjóflóðið féll um kl. 17:30 á miðvikudag í síðustu viku. Ég var sendur til að opna leiðina svo hefill og vörubíll sem er í eigu Vegagerðarinnar, kæmust inn á Ísafjörð. Í upphafi héldu menn að um eitt snjóflóð

væri að ræða en þegar til kom reyndust þau vera 15-20. Það eru 23 gil á leiðinni frá Arnarneshamri og til Súðavíkur og ég var kominn í fimmta gilið og búinn að moka fjögur snjóflóð,” sagði Jón í samtali við blaðið.

Jón sagðist hafa verið langt kominn með að moka fyrra flóðið er hann varð þess áskynja að annað snjóflóð væri að falla

úr gílinu. „Þetta gerðist mjög snögg, fyrst varð ég var við hriðarbyl, síðan varð ég var við köggla og síðan kom rúðan í heilu lagi inn og allt fór á kaf. Það liggur við að flóðið hafi komið eins og byssukúla. Ég sat bara kyrr og beið þess sem verða vildi. Það var enginn snjór upp við þakið og ég náði að teygja mig í talstöðina og gat látið vita af mér. Ég vissi af

ökumanni fyrir aftan mig og hann kom þegar til hjálpar og mokaði mig út úr tækinu. Það var allavega um einn og hálfur metri niður að þaki, tækið sjálft er um 3,5 metrar á hæð og því hefur flóðið verið um fimm metrar á hæð.”

Jón sagði engan beyg vera í sér þrátt fyrir þessa lífsreynslu og var hann við mokstur á Súðavíkurlíð þegar blaðið

náði sambandi við hann á þriðjudag. „Það er langt frá því að þetta hafi verið skemmtileg lífsreynsla, ekki síst vegna þess að ég missti félaga minn við svipaðar aðstæður fyrir nokkrum árum. Þetta er í þriðja skiptið sem ég fæ á mig snjóflóð, fyrst lenti ég í flóði við Grænagarðshrygginn og síðan í Kinninni og ég segi að það sé fullreynt í þriðja a.m.k. vona ég að þurfa ekki að lenda í þessari lífsreynslu aftur.”

Köfun að flaki Æsu undirbúin

Stefnt að samningum við breskt kafarafyrirtæki

Samgönguráðherra, Halldór Blöndal, hefur falið Siglingamálastofnun Íslands að kanna hvert yrði umfang og kostnaður við köfun og skoðun á flaki Æsu ÍS-87 þar sem hún liggur á sjötú metra dýpi á Arnarfirði. Haft hefur verið samband við breskt kafarafyrirtæki og standa nú yfir viðræður um að þá taki að sér verkið.

Á fundi sem samgönguráðherra og forsætisráðherra áttu með tveimur af ættingjum þeirra sem fórust með Æsu, og haldinn var á Skírdag, gerðu ráðherrarnir grein fyrir málinu og var niðurstaðan sú að stefnt skyldi að því að fara niður að flakinu nú í apríl. Reyna á að grafast fyrir um orsakir slyssins og freista þess að ná upp líkum

þeirra sem létust, ef þau eru í flakinu. Farið verður um vistarverur áhafnar, lest, vélarrúm og víðar eftir því sem nauðsynlegt er talið.

Reynist kostnaður við köfunina ekki of mikill að mati ríkisstjórnarinnar kemur til greina að láta athuga fleiri skipsflök.

Æsa ÍS-87.



Ísafjarðarhöfn

Guðbjörg með 59 milljóna króna aflaverðmæti

Flestir togarar Ísafirðinga lönduðu á Ísafirði á þriðjudag og var aflinn þökkalegur. Framnes landaði 40 tonnum af rækju að verðmæti um 5,5 milljónir króna og Guðbjörg ÍS-46 landaði 237 tonnum af frystri rækju og frystum fiski að verðmæti um 59 milljónir króna.

Þá landaði Þór Pétursson

20 tonnum af ísrækju og Guðmundur Péturs kom með 35 tonn af rækju. Júlíus Geirmundsson ÍS-270 landaði rúnum 200 tonnum af frystum fiski að verðmæti um 40 milljónir króna og Orrí landaði rúnum 90 tonnum, mestmegnis grálúða, að verðmæti um 19 milljónir króna.